

# STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 2002

7. ágúst 2002

1645

Nr. 596

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag íbúðabyggðar austan Klausturhóla, Kirkjubæjarklaustri.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 6. mars 2002 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð austan Klausturhóla, Kirkjubæjarklaustri.

Greinargerð og uppráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Skaftárhreppi, 7. ágúst 2002.*

**Ólafía Jakobsdóttir** sveitastjóri.

8. ágúst 2002

Nr. 597

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

*Breytt deiliskipulag Smiðjuvallahverfis.*

Á fundi bæjarráðs Akraness, í umboði bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 11. júlí 2002, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Smiðjuvallahverfis á Akranesi.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Kalmannsvelli og felst í því að leyfður verður akstur neyðarbíla út á Esjubraut.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

*Breytt deiliskipulag Flatahverfis meðfram Þjóðbraut.*

Á fundi bæjarráðs Akraness, í umboði bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 11. júlí 2002, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis meðfram Þjóðbraut á Akranesi.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir sér inn- og útakstursstútum við Innesveg og breiðari aðkomu frá Þjóðbraut, að lóðinni nr. 14 við Þjóðbraut.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar taka þegar gildi.

*Akranesi, 8. ágúst 2002.*

**Ólöf Guðný Valdimarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag strandhverfis við Arnarnesvog í Garðabæ.**

Bæjarstjórn og bæjarráð Garðabæjar samþykktu 13. júní og 16. júlí 2002 tillögu að deiliskipulagi strandhverfis við Arnarnesvog, Garðabæ.

Skipulagið nær annars vegar yfir áður óbyggt svæði og hins vegar hafnarsvæði en þar er gert ráð fyrir að flest núverandi mannvirki verði fjarlægð og að fyllt verði í höfnina. Gert er ráð fyrir um 560 almennum íbúðum og 200 íbúðum sem ætlaðar eru eldri borgurum. Auk íbúða er gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði fyrir skrifstofur og þjónustu, lítilli smábátahöfn, bensínstöð, leikskóla, sjóbaðströnd, hverfisþjónustu o.fl. Austast á svæðinu, að Hraunsholtslæk, er skipulagi frestað.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 9. ágúst 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## REGLUGERÐ

**um úthlutun á fiskveiðiarinu 2002/2003 skv. 9. gr. a í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

1. gr.

Úthluta skal á fiskveiðiarinu 2002/2003 3.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafli á fiskveiðiarinu 1996/1997 eða 1997/1998. Auk þess er heimilt að úthluta allt að 60 lestum samtals af þorski til báta, sem komu í stað annarra báta á tímabilinu 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum settum í 9. laga a. í lögum nr. 38/1990.

2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið.